

77 *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Seyðisfirði um lögmæti kosninga í*
 25. maí **bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.** — Í Þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m.,
 hafið þjer, herra bæjarfógeti, látið mjer í tje umsögn yðar um erindi nokkurt
 frá Skapta ritstjóra Jósepssyni, dagsett 5. jan. þ. á., þar sem hann kærir yfir
 því að bæjarstjórnin á Seyðisfirði hafi á fundi 21. s. m. úrskurðað, að kosning á
 einum af meðlimum niðurjöfnunarnefndarinnar í bæjarstjórninni skyldi lögmæt
 vera og sömuleiðis samþykkt kosning Bjarna Siggeirssonar í sömu bæjarstórn,
 enda þótt hann væri verzlunarþjónn kaupmanns Sig. Johansens, er sat fyrir í
 bæjarsjórninni.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn-
 anlegrar leiðbeiningar, að jeg get fallizt á það álit yðar í umræddu brjefi yðar,
 að þó svo sje ákveðið í 21. gr. laga nr. 15, 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyð-
 isfirði, að sami maður megi ekki á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og
 bæjarstjórn, þá verði þetta eigi skilið svo að það útiloki þá, er í niðurjöfnunar-
 nefnd sitja, frá kjörgengi til bæjarstjórnar. Eunnremur verður, eins og þjer hald-
 ið fram, að álíta kosning Bjarna Siggeirssonar gilda, því að þótt hann að vísu sje
 bókhaldari hjá kaupmanni Sig. Johansens, er sat fyrir í bæjarstjórninni, þá er
 hann að öðru leyti ekki svo háður nefndum kaupmanni, eins og 5. gr. áðurnefndra
 laga gjörir ráð fyrir, þar sem hann eptir skýrslu yðar heldur dúk og disk sjálf-
 ur. Úrskurður bæjarstjórnarinnar um áðurnefndar kosningar skal því óraskað-
 ur að standa.

Þetta er yður þjónustusamlega tjáð til frekari birtingar, einnig fyrir
 kærandann.

78 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austuramtinu*
 26. maí **um skipting Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu í tvö sveitarfjölög.** — Með þóknanlegu
 brjefi, dagsettu 4. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað beiðni hrepps-
 nefndarinnar í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu, dagsetta 6. febr. þ. á., um skipt-
 ing þessa hrepps í tvö sveitarfjölög, og hefir hlutadeigandi sýslunefnd lagt það
 til, að hin umbedna skipting verði leyfð. Útaf þessu og samkvæmt tillögum yð-
 ar í nýnefndu brjefi, skal hjer með eptir 23. gr. í tilskipun 4. maí 1872, um
 sveitarstjórn á Íslandi, skipað svo fyrir, sem hjer segir á eptir:

1. Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu skal skipt í tvö sveitarfjölög, þannig
 að Holtssókn og Knappstaðasókn verði hreppur út af fyrir sig og nefnist Holts-
 hreppur og Barðsókn verði hreppur útaf fyrir sig og nefnist Haganeshreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitaþyngslum hins núverandi Holtshrepps,
 þeim er verða, þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa,
 þannig að $\frac{6}{11}$ komi í hlut hins nýja Holtshrepps og $\frac{5}{11}$ í hlut Haganeshrepps,
 og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitaþyngslum þeim, er sidar kunna til að
 koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli
 hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara, þegar er amtið hefir ákveðið
 tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartil-

skipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrjettir. 78
26. maí

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engi breyting gjörð á hinum forna Holtshreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

Reglugjörð

fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um lækning á hundum.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu hreppsbúar á vorþingi kjósa 1—3 menn til þess að annast um lækning á hundum af bandormum; getur enginn, er öðrum er óháður, skorast undan þeim starfa í 6 ár í senn. Ef fleiri eru kosnir en einn, skal hreppstjóri skipta hreppnum milli þeirra.

2. gr.

Lækning allra hunda í sýslunni, sem missirigamlir eru, og þaðan af eldri, fer fram tvisvar á ári, í maí- og nóvembermánuði á heimilum lækningarmanna; þó mega lækningarmennirnir lækna hundana á heimilum eigenda, ef hlutadeigandi lækningarmaður álitur það haganlegra. Hvern dag þessara mánaða lækningin fer fram í hverjum hreppi, ákveða lækningarmenn, og tilkynna hlutadeigendum með viku fyrirvara. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðinn, og vera við lækninguna, ef lækningarmenn óska þess.

3. gr.

Hundarnir skulu sveltir í 12 tíma á undan lækningunni, í heilan sólarhring meðan á lækningunni stendur; skulu þeir því næst lokaðir inni í úthýsi, sem hvorki sje fjárhús, nje hey-hlada. Hverjum hundi skulu gefin tvisvar með 12 tíma millibili 4—8 grömm af arekaduþti í graut eða mjólk, og fer skamturinn eptir stærð hundsins. Opt fær hundurinn klýju fyrsta $\frac{1}{2}$ tímunn eptir inn-
gjöfina, og verður að koma í veg fyrir, að þeir selji upp, með því að hafa af fyrir þeim, láta vel að þeim, eða að öðrum kosti gjöra þá sneypa. Þegar $\frac{1}{2}$ —3 klukkustundir eru liðnar frá inngjöfinni, ganga ormarnir niður af hundunum; 12 tímum eptir seinni inngjöfina skulu hundarnir teknir og baðaðir í fjárbaði. Er þá lækningunni lokið og hundinum sleppt. Lækningahúsið skal vandlega hreinsað, allur saur úr hundunum annaðhvort brenndur, eða grafinn 2 álnir í jörðu niður.

4. gr.

Verði vart við bandorma í hundunum milli lækningatíma, skulu þeir færðir lækningamanni, og er hann skyldur að lækna þá tafarlaust.